

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 8. tölublað 1. árgangur 14. desember 2012



Stór stund í Hringnum: Skákbörnin söfnuðu vel yfir milljón!

Það var stór stund í Barnaspítala Hringsins fimmtudaginn 13. desember þegar liðsmenn Skákakademíunnar komu færandi hendi með afrakstur úr skákmaraþoninu mikla í Kringlunni. Krakkarnir söfnuðu vel yfir milljón krónum og tóku ótalmargir þátt í þessu skemmtilega og mannbætandi verkefni. Litli skólinn í Hringnum fékk 2 fartölvur að gjöf og leikstofan tvær leikjatölvur, með mjög rausnarlegum afslætti frá Tölvulistanum og Senu. Það var svo Donika Kolica sem færði Valgerði Einarsdóttur, formanni Hringskvenna, ávísun upp á heilar 925.000 krónur. Viðstödd þessa ánægjulegu athöfn voru m.a. Óttarr Proppé stjórnarformaður Skákakademíunnar, Stefán Bergsson og Róbert Lagerman, sem hefur í 10 ár ásamt öðrum staðið að skákheimsóknum í Hringinn. Svo voru auðvitað nokkrar hetjur úr maraþoninu. Til hamingju, krakkar!



Hjörvar Steinn Grétarsson: Skákin hefur gefið mér meira en nokkuð annað í þessu lífi

Hann er einn metnaðaryllsti ungi afreksmaður landsins, hefur nýlega gert samning við Icelandair Cargo og mun í janúar taka þátt í einu eftirsóttasta móti hvers árs. Eftir að tefla í Hastings í Englandi um hátíðirnar mun Hjörvar nefnilega halda til Hollands að tefla í C-flokki á Tata Steel mótinu í Hollandi. Einstakt tækifæri sem Hjörvari hefur boðist. Sigur í C-flokki gefur sæti í ógnarsterkum B-flokki á næsta ári en í A-flokki tefla bara allra sterkustu skákmenn heims, m.a. verður sjálfur Carlsen með í ár. Hjörvar er í lokaprófum í Verzló en gaf sér smástund til að svara nokkrum léttum spurningum:

Hver er uppáhaldsliturinn þinn? Blár.

Hvaða matur finnst þér bestur? Naut, humar sushi.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Mix og íslenska vatnið.

Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn? Auður Ava Ólafsdóttir.

Hver er áhugaverðasta bók sem þú hefur lesið? *Afleggjarinn* eftir Auði, stórkostleg bók.

Hver er uppáhalds bíómyndin þín? *Remember the Titans*.

Hver uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Dexter.

Uppáhalds leikari? Morgan Freeman og Denzel Washington.

Uppáhalds leikkona? Engin sérstök, en Megan Fox í Transformers 1 er frábær, háklassaframmistaða.

Hvernig tónlist hlustarðu á? Alæta á tónlist, allt frá Bocelli til Tupac.

Hvert er besta mót ferilsins? Besta mótið er án efa Evrópumót landsliða 2011 í Grikklandi.

Hver er besta skák þín á ferlinum? Margir halda að það sigur minn gegn Shirov, en skák mín gegn Artur Kogan á Reykjavík Open 2009 var að mínu áliti sú besta sem ég hef teft.

Hver er uppáhalds skákmaðurinn þinn? Helgi Ólafsson, baráttuvilji hans við skákborðið er aðdáunarverður. Dreev hafði líka mikil áhrif á mig þegar ég var yngri.

Hvaða skákbók hefur haft mest áhrif á þig? *My One Hundred Best Games* eftir Dreev.

Í hverju eru skákmenn sérstaklega góðir í? Ákvörðunartóku, þá sérstaklega að meta fórnarkostnað.

Áttu þér hjátrú varðandi taflmennsku? Já, alltof margar. Ef vel gengur þá er ég alltaf með sama pennann. Þegar ég var yngri og átti að fara að tefla mikilvæga skák þá var ég alltaf í sama bolnum, bolur sem ég fékk frítt frá Orkuveitunni. Margar góðar skákir voru tefldar í þeim bol!

Hvert er besta skáklandið í heiminum? Rússland, án nokkurs vafa. Kína er þar rétt á eftir. Ef við hins vegar miðum við höfðatölu þá er Ísland með væna forystu á önnur lönd, skákstarfið sem er verið að vinna hér á landi er frábært í alla staði.

Hver værirðu til í að vera ef þú værir ekki Hjörvar Steinn Grétarsson? Paul Scholes, ekki spurning!

Með hvaða þremur einstaklingum værirðu til í að fara út að borða með? Paul Scholes, Garry Kasparov og Sir Alex ferguson.

Er eitthvað sem þú langar svakalega mikið að læra eða kunna? Að tefla 1.e4.... Og að geta talað spænsku almennilega.

Hvað óttastu? Að uppfylla ekki þær kröfur sem ég set á sjálfan mig.

Hvaða hlut myndirðu bjarga úr eldi? Paul Scholes treyjunni minni!

Hver er besta setningin sem hefur verið sögð um skák? Bobby Fischer á bestu setninguna skuldlaus: „All I want to do, ever, Is just play chess“ Sýnir hversu magnaður leikur þetta er.

Fallegasta skákkona heims? Uuu, fallegasta skákkona heims er tvímælalaust Tania Sachdev frá Indlandi, sjálfu fæðingarlandi skákarinnar!

Hvaða sæti á ÓL telurðu að Ísland eigi að stefna á í framtíðinni? Topp 20 væri mjög viðunandi, því miður er „gullöldin“ liðin í bili, en miðað við starfið sem er verið að vinna núna þá munum við sjá marga góða skákmenn í framtíðinni.

Hvað hefurðu farið oft til útlanda á skákmót og hvað áttu marga bikara? Hef farið um 40 sinnum út að tefla og á um 80 bikara.

Að lokum..hvað hefur skákin gefið þér? Skákin hefur gefið mér meira en nokkuð annað í þessu lífi.

Jólaskákmót í Vin á mánudaginn!


Skákfélag Vinjar og Skákakademían bjóða til Jólaskákmóts í Vin, mánudaginn 17. desember klukkan 13. Mótið er öllum opið og sannkallaður jólaandi mun svífa yfir vötnum.

Tefldar verða 6 umferðir með 7 mínútna umhugsunartíma og eru veitt verðlaun í ýmsum flokkum, m.a. fyrir bestan árangur kvenna, barna á grunnskólaaldri, og félagsmanna í Vin.

Davíð Kjartansson sigraði á Jólaskákmótinu í fyrra eftir æsispennandi keppni og hlaut þá afar vegleg verðlaun, 1001 þjóðleið frá Sögum útgáfu. Saga útgáfa mun einnig gefa vinninga núna og þá ekki af lakara taginu. Aðalverðlaun er hin marglofaða stórbók dr. Gunna um rokksögu Íslands, Stuð vors lands. Af öðrum vinningum má nefna metsölubókina um Gísla á Uppsölum, spennutrylli Óttars M. Norðfjörð, Una, og bækur um helstu goðsagnir fótboltans.

Skákáhugamenn ættu að fjölmenna í Vin á mánudaginn og mæta tímanlega á þetta skemmtilega mót. Ekki spillir að í leikhléi verður að vanda boðið upp á gómsætar veitingar.





Hvítur mátar í 2 leikjum!

Staðan kom upp í skák þeirra Rauf Gadjilu (2290) og Rolando Kutirov (2495) á Evrópukeppni Taflfélaga árið 1997. Hvítur er kominn með drottninguna alla leið á h7 sem er mjög óþægilegt fyrir svartan. Hrókurinn á e3 ræður yfir e-línunni en það eina sem þarf að gera fyrst er að færa riddarann burt frá e5-reitnum.

22. Rxd7+ Hxd7

23. Dh8 mát

Fróðleiksmoli vikunnar: Fræga fólkið sem teflir skák

Við gætum reyndar fyllt heilt Fréttaskeyti af fólki sem er frægt fyrir annað en taflmennsku, en sem tilheyrir skákfjölskyldunni okkar. **Bill Gates** og **Paul Allen** sem stofnuðu Microsoft eru miklir skákáhugamenn. Sama máli gegnir um listamenn á borð við **Madonnu** (sem hefur einkaskákbjálfa), **Bono**, **David Bowie** og **Frank sáluga Sinatra**. Svo var **Humphrey Bogart**, mestari töffari kvikmyndasögunnar, mikill skáktöffari, sem og **Marlon Brando**, **Kevin Spacey**, **Sylvester Stallone**... listinn er endalaus. Andans jöfrar dá skákgyðjuna líka: **Ludwig van Beethoven**, **Albert Einstein** og **George Washington**, fyrsti forseti Bandaríkjanna voru líka skákáhugamenn. Ofurfyrirsæturnar fíla skákina líka í tætlur, nefnum bara **Carmen Kass** og **Heidi Klum**. Meira síðar!